

Fjármál sveitarfélaga – fjárhagsáætlanir 2014


Innanríkisráðuneytinu hafa borist fjárhagsáætlanir sveitarfélaga fyrir árið 2014 en allt frá árinu 2012 þegar ný sveitarstjórnarlög tóku gildi, hafa sveitarfélögin unnið eftir ákvæðum um fjárhagsleg viðmið um skuldahlutfall og jafnvægisreglu. Í sveitarstjórnarlögum er meðal annars kveðið á um það að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum samkvæmt þeim reikniðferðum sem lýst er í IV. kafla reglugerðar 502/2012.

Í eftirfarandi samantekt verða helstu upplýsingar um þróun fjármálanna settar fram á myndrænu formi þar sem stuðst verður við rauntölur árána 2010-2012 og fjárhagsáætlanir árána 2013-2014 en ársreikningar ársins 2013 liggja ekki fyrir fyrr en í maí næstkomandi. Allar fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.


Heildartekjur

Heildartekjur sveitarfélaganna fyrir árið 2014 eru áætlaðar um 227,4 milljarðar króna fyrir A-hluta og um 304,7 mkr. fyrir A- og B-hluta en það er um 6,9% aukning frá áætluðum heildartekjum ársins 2013 í A-hluta og um 5,8% aukning fyrir A+B. Fjárhagsáætlanir ársins 2013 gerðu ráð fyrir að heildartekjur myndu aukast um 2,9% frá árinu 2012 fyrir A-hluta og um 3,3% fyrir A+B. Á mynd 1 sést hvernig þróun heildartekna hefur verið frá árinu 2010. Mynd 2 sýnir hvernig heildartekjur hafa breyst frá fyrra ári ásamt samanburði í þróun vísitölu neysluverðs samkvæmt Hagstofu Íslands í desember ár hvert fyrir árin 2010-2013 og áætlun fyrir árið 2014 samkvæmt þjóðhagsspá. Þannig hækkaði vísitala neysluverðs árið 2013 um 4,2% og gerir þjóðhagsspá ráð fyrir að hækking vísitölunnar verði 3,6% árið 2014. Rétt er að taka fram að hækking heildartekna árið 2011 umfram vísitölu neysluverðs er að miklum hluta tengd tekjum vegna málefna fatlaðs fólks en það ár tóku sveitarfélögin yfir rekstur á málaflokknum.

Mynd 1



Mynd 2




Vísitala neysluverðs samkvæmt Hagstofu Íslands í desember ár hvert.

Framlegð


Fjárhagsáætlanir ársins 2014 gera ráð fyrir að framlegð frá rekstri (framlegð fyrir afskriftir og fjármagnsliði) verði um 20,7 mkr. fyrir A-hluta og um 61,0 mkr. fyrir A+B sem er um 4,4% aukning á framlegð frá fjárhagsáætlunum 2013 í A-hluta og um 1,0% aukning fyrir A+B. Mynd 3 sýnir þróun framlegðar frá árinu 2010 þar sem fram kemur að framlegð árunna 2011-2012 jókst verulega eða um 63,5% fyrir A-hluta og um 53,0% fyrir A+B ef miðað er við árið 2010.

Mynd 3



Sé litið til framlegðar í hlutfalli af heildartekjum gera fjárhagsáætlanir 2014 ráð fyrir því að framlegðarhlutfallið verði um 9,1% í A-hluta og um 20,0% í A+B. Mynd 4 sýnir þróun framlegðarhlutfallsins frá árinu 2010 en hlutfallið hefur haldist nokkuð stöðugt frá árinu 2012.


Mynd 4



Rekstrarniðurstaða

Árið 2014 gera fjárhagsáætlanir ráð fyrir að hagnaður verði í rekstri sveitarfélaganna um 2,9 mkr. fyrir A-hluta og um 12,6 mkr. fyrir A+B. Þegar litið er til þróunar frá árinu 2010 sýnir mynd 5 að rekstrarniðurstaða ársins 2011 var sveitarfélögunum erfið en það ár var tap A-hluta um 6,1 mkr. og tap A+B um 7,1 mkr. Neikvæða rekstrarniðurstöðu árána 2011 og 2012 má að nokkru rekja til óhagstæðrar þróunar fjármagnsliða.


Mynd 5



Veltufé frá rekstri


Veltufé frá rekstri hefur allt frá árinu 2010 farið vaxandi. Árið 2014 er áætlað að veltufé frá rekstri verði um 20,1 mkr. í A-hluta og um 54,2 mkr. í A+B. Í samanburði við fjárhagsáætlunir 2013 er áætlað að veltufé frá rekstri lækki um 0,6% í A-hluta en aukist um 2,8% í A+B. Mynd 6 sýnir hvernig þróun veltufjár frá rekstri hefur verið frá árinu 2010.

Mynd 6



Ef veltufé frá rekstri í hlutfalli af heildartekjum er skoðað þá gera fjárhagsáætlunir ársins 2014 ráð fyrir að hlutfallið verði um 8,8% í A-hluta og um 17,8% í A+B. Litið til fjárhagsáætlana 2013 og ársins 2012 kemur fram að áætlunir gera ráð fyrir smávægilegri lækkun á hlutfallinu en árin 2010 til 2012 hefur hlutfallið verið að styrkjast til muna. Mynd 7 sýnir þróun hlutfallsins frá árinu 2010.


Mynd 7




Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum

Fjárfestingar sveitarfélaganna lækkuðu á tímabilinu 2010-2012 en fjárhagsáætlanir 2013-2014 gera ráð fyrir hækkun fjárfestinga. Áætlanir árið 2014 gera ráð fyrir að fjárfesting ársins verði um 19,1 mkr. í A-hluta og um 35,8 mkr. í A+B. Sem hlutfall af varanlegum rekstrarfjármunum er fjárfesting áætluð árið 2014 um 5,5% í A-hluta og um 4,8% í A+B. Sama hlutfall fyrir árið 2010 var um 6,3% í A-hluta og um 6,0% í A+B þegar hlutfallsleg fjárfesting var sem mest á umræddu tímabili. Mynd 8 og mynd 9 sýna þróun í fjárfestingu frá árinu 2010.

Mynd 8




Mynd 9



Heildarskuldir og skuldbindingar


Fjárhagsáætlanir 2014 gera ráð fyrir að heildarskuldir og skuldbindingar A-hluta verði um 268,2 mkr. og um 557,3 mkr. í A+B. Á mynd 10 koma fram heildarskuldir og skuldbindingar frá árinu 2010 en við samanburð á fjárhæðum er nauðsynlegt að hafa í huga hver þróunin hefur verið í vísitölu neysluverðs og gengi íslensku krónunnar. Þegar heildarskuldir og skuldbindingar í hlutfalli af heildartekjum eru skoðaðar endurspeglar hlutfallið betur stöðu skuldanna í heildarsamhengi fjármálanna.

Mynd 10



Litið til þróunar skuldahlutfalls kemur fram að frá árinu 2010 hefur skuldahlutfallið farið lækkandi. Mynd 11 sýnir hvernig þróun skuldahlutfallsins hefur verið frá árinu 2010 en fjárhagsáætlanir ársins 2014 gera ráð fyrir að skuldahlutfallið verði um 118% í A-hluta og um 183% í A+B.

Mynd 11



Skuldaviðmið

Með gildistöku sveitarstjórnarlaga árið 2012 var eins og fyrr segir ákvæði um 150% skuldaviðmið fyrir A+B-hluta í reikningsskilunum. Árið 2012 var fyrsta rekstrarárið vegna hins nýja skuldaviðmiðs og nam viðmiðið það ár um 204%. Fjárhagsáætlanir áráanna 2013 og 2014 gera ráð fyrir lækkun hlutfallsins og gera þær ráð fyrir því að það nemi um 174% árið 2014. Er þessi þróun í réttu samhengi við þróun skuldahlutfalls síðustu árin sem fram kemur á mynd 11. Vegna skuldaviðmiðs í fjárhagsáætlunum ársins 2013 virðist sem áætlanir vegna skammtímaskulda hafi þau áhrif að hlutfallið er lægra en niðurstaða fjárhagsáætlana árið 2014 gefur til kynna. . Niðurstaða ársreikninga ársins 2013 mun innan tíðar skera úr um það hvernig þessi þróun kemur til með að líta út.

Mynd 12

